

Símafundur svæðisráðs vestursvæðis 10.10.14 – fundargerð

Mætt: Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Ástvaldur Guðmundsson, Erla Ívarsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir og Snorri Baldursson

1. Verkaskipting stjórnar

Stungið var upp á Heiðu Guðnýju sem formanni. Það var samþykkt. Ásvaldur Ævar baðst undan varaformennsku og var Ásta Berghildur kosin varaformaður.

2. Umræða í stjórn sem snertir vestursvæði

- Vonarskarð

Heiða Guðný upplýsti að stjórnin ætti enn eftir að taka umræðu um umferð um Vonarskarð. Hún sagði að nauðsynlegt væri á að ljúka málinu. Rifjað var upp að svæðisráð fjallaði um skýrslu rannsóknateymis um Vonarskarð á fundi sínum 21. mars 2013. Meirihluti svæðisráðs ákvað þá að una niðurstöðum rannsóknateymisins.

Svæðisráð telur ekki efni til að breyta þessari afstöðu nú. Ástvaldur samþykkti þá afgreiðslu sem persónulega skoðun en vildi bóka að stór hluti SAMUT teldi að leyfa ætti vélknúna umferð um Vonarskarð. Nokkrir voru á þeirri skoðun að ef lögð yrði ný reiðleið vestan til í skarðinu væri meinalaust að leyfa reiðhjólaumferð þar einnig.

- tjöldun utan tjaldsvæða

Í Stjórnunar og verndaráætlun er heimild fyrir því að ferðalangar megi tjalda til einnar nætur í þjóðgarðinum „fjarri skipulögðum tjaldsvæðum“. Á vestursvæði hefur ekki verið mikið um tjöldun utan merktra tjaldsvæða nema helst við Langasjó og á Langasjavarleið, F235. Með nýju tjaldsvæði þar dregur væntanlega úr þessu og hægt að skikka flesta til að tjalda á merktu tjaldsvæði.

3. Sumarstarfið

Snorri upplýsti að sumarstarfið hefði gengið mjög vel; engin slys á ferðafólki eða starfsmönnum. Alls 10 landverðir störfuðu á vestursvæði í sumar: tveir í Nýjadal og Blágiljum og þrír í Hólaskjóli og Kirkjubæjarklaustri. Landvörðum fjölgaði um fjóra frá 2013 og skýrist það mest af því að þjóðgarðurinn yfirtók rekstur Skaftárstofu á Kirkjubæjarklaustri. Fjallvegir opnuðu í síðara lagi og sumarið var mjög vætusamt framan af en stytti upp í ágúst. Umferðarpungi var svipaður og undanfarin ár í Lakagígum og Nýjadal, en greinileg aukning var í Eldgjá að Fjallabaki.

Mikið vannst í uppbyggingu þjóðgarðsins. Nýtt salerni var sett upp í Eldgjá og þar með lokið við áningaraðstöðu þar – sem hefur reynst afar vel. Komið var fyrir sérhönnuðum útsýnispalli við Ófærafoss í Eldgjá, sem er nýmæli í þjóðgarðinum. Í haust var hafist handa við nýja áningaraðstöðu við suðvesturenda Langasjávar. Borað var fyrir vatni, komið fyrir salerni og litlu viðveruhúsi fyrir landvörð. Stefnt er að því að tengja vatn, smíða pall umhverfis húsin og ganga frá tjaldsvæði og merkingum næsta vor. Borað var eftir neysluvatni í Hrossatungum sem nú þjóna sem áningarstaður hestamanna. Varúðarskilti voru sett við leiðir með norðurbakka Langasjávar og um Blautulón. Þá var komið fyrir upplýsingaskilti á Galta og settir vegprestar á öll gatnamót í Lakagígum. Helstu slóðar á Tungnaáröræfum voru stikaðir og inngönguleiðir merktar.

Svæðisráð fagnaði góðum árangri og telur þörf á að upplýsa almenning betur um starfsemi þjóðgarðsins. Svæðisráð beinir því til stjórnar að huga vel að kynningarmálum og upplýsingamiðlun um þjóðgarðinn.

4. Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri

Ólafía kynnti. Nýrri ríkisstjórn og Alþingi þykir verkefnið of dýrt eins og það var hugsað.

Umhverfisráðherra hefur því stofnað starfshóp með oddvita, Evu Björk Harðardóttur, og sveitarstjóra, Skaftárhrepps, Eygló Kristjánsdóttur, stjórnarformanni þjóðgarðsins, Hjalta Þór Vignissyni, og

tveimur þingmönnum, Silju Dögg Gunnarsdóttur og Vilhjálmi Árnasyni, til að skoða málið ofan í kjölin.
Miðað er við að nefnd þessi ljúki störfum fyrir miðjan nóvember nk.
*Svæðisráð tók undir þörf fyrir veglega gestastofu á Kirkjubæjarklaustri og benti á vaxandi
vetrarferðamennsku í því sambandi.*

5. Önnur mál

*Snorri upplýsti að hann er farinn í 5 vikna frí. Næsti fundur svæðisráðs var ákveðinn í fjórðu viku
nóvembermánaðar.*